

VELKOMIN Í LIÐIÐ

VELKOMIN TIL STARFA Á LANDSPÍTALA

Innilega velkomin til starfa með okkur á Landspítala. Við erum afskaplega stolt af því að starfa á þjóðarsjúkrahúsinu og það gleður mig að þú kjósir að slást í hópinn með okkur. Ég vona að þú njótir þín í starfinu og þú vaxir og dafnir í þínum verkum. Ég hlakka til samstarfs við þig en leyfi mér líka að minna þig á að nota frítímann þinn vel með fjölskyldu og vinum. Við sjáumst!

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala

KÆRI SAMSTARFSMAÐUR!

Heilbrigður maður á margar óskir ... en sá sem er veikur á aðeins eina ósk; að ná heilsu.

Það eru forréttindi í mínum huga að fá að starfa við þjónustu við heilsu - þjónustu við lífið sjálft. Við erum öll jafn mikilvægir hlekkir í þeirri keðju sem Landspítali - þjóðarsjúkrahús okkar Íslendinga - er, hvort sem við störfum beint í framlínunni við klíník eða í stoðþjónustu eins og ég.

Ég vona innilega að þú munir upplifa það á hverjum degi í starfi hversu mikilvægur hlekkur í keðjunni þú ert og býð þig velkomna/velkominn í liðið.

Gangi þér vel

Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri Skrifstofu mannauðsmála

MIKILVÆG SÍMANÚMER

Skiptiborð	1000 / 543 1000
Þjónustuver tölvudeildar	1550 / 543 1550
Mannauðssvið	1330 / 543 1330
Launadeild.....	1300 / 543 1300
Neyðarsími Hringbrautar og Fossvogs við hjartastoppi	9999
Neyðarnúmer í öðrum húsum	0112 / 112

STARFSMAÐUR LANDSPÍTALA

NÝLIÐAÞJÁLFUN

Allir sem hefja störf á Landspítala fara í gegnum nýliðaþjálfun til að undirbúa sig sem best fyrir starfið. Móttaka nýliða fer fram á móttökumiðstöð Skaftahlíð 24. Á móttökumiðstöðinni fær starfsfólk eftirfarandi:

- Auðkenniskort
- Nýráðningarviðtal hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi
- Nýliðaakynningu á Landspítala
- Kennslu á notkun ýmissa kerfa
 - Tölvupóstur, Oracle kerfið, slysa- og atvikaskráning
- Vinnustund
 - Yfirfara þarf mætingu í Vinnustund 1. og 16. hvers mánaðar, þar sem laun eru greidd samkvæmt innstimplun og útstimplun. Hringt er í númerið 9700 í upphafi og lok vinnudags. Síma er að finna við flesta innganga spítalans.
- Aðgang að leynihólfi og workplace
 - Leynihólfíð: Í upphafi fá starfsmenn úthlutað aðgangi að ákveðnum tölvukerfum í samræmi við hlutverk þeirra á Landspítala. Lykilorð starfsmanna eru send í Leynihólf þeirra (leyniholf.lsh.is). Nánari upplýsingar um leynihólf er að finna á innri vef Landspítala. Kennslu á inn- og útstimplun ásamt lagfæringum í Vinnustund.
- Fræðslu um réttindi og skyldur starfsmanna

RÁÐGJÖF

Launadeild. Á Skrifstofu mannauðsmála starfa launafulltrúar sem sjá um launaútreikning og úrvinnslu launa. Launafulltrúar skipta með sér sviðum og starfsmenn geta því leitað til síns launafulltrúa ef þurfa þykir.

Skrifstofa mannauðsmála og mannauðsstjórar. Á Skrifstofu mannauðsmála starfa trúnaðarlæknir, starfsmannasjúkraþjálfarar, starfsmannahjúkrunarfræðingar, sálfræðingur, og verkefnastjórar og veita þeir ýmsa þjónustu fyrir stjórnendur og starfsfólk spítalans. Mannauðsstjórar starfa á hverju sviði og veita aðstoð og ráðgjöf til starfsmanna og stjórnenda á sviði mannauðsmála.

Stuðnings- og ráðgjafarteymi á Skrifstofu mannauðsmála Landspítala er þverfaglegt teymi fagaðila sem hafa sérstaka menntun, þekkingu og reynslu af aðstoð, meðferð, handleiðslu og stuðningi við einstaklinga eða hópa. Stuðnings- og ráðgjafarteymi veitir starfsmönnum aðstoð og ráðgjöf vegna vanda tengdum álagi eða áföllum sem hefur áhrif á líðan eða starfsgetu. Starfsmenn teymisins starfa í fullum trúnaði.

Trúnaðarmenn eru á vegum flestra stéttarféлага, sem eiga félagsmenn á Landspítala. Trúnaðarmenn aðstoða starfsmenn í samskiptum við spítalann í umræðu um kjaramál og önnur réttindi.

Öryggistrúnaðarmenn eru á flestum starfseiningum sem huga að öryggi og aðbúnaði starfsmanna.

BÚNINGSHERBERGI OG FATNAÐUR

Næsti stjórnandi úthlutar fataskápum til sinna starfsmanna.

Starfsmenn sem starfa í beinum tengslum við sjúklinga skulu fylgja leiðbeiningum um sýkingavarnir varðandi klæðnað og skartgrip.

Mikilvægt er að umgengni um starfsmannafatnað sé góð. Vinsamlega ekki skilja starfsmannafatnaðinn eftir í skápum og mikilvægt er að henda óhreinu taui í óhreinatauskörfurnar.

Almenn regla er sú að taka ekki fleiri en 3 sett af starfsmannafatnaði, skipta um klæðnað fyrir hverja vakt og setja óhreinan starfsmannafatnað samdægurs í óhreina tauið.

MATSALIR

Matsalir eru á eftirfarandi stöðum; BUGL, Fossvogi, Grensási, Hringbraut, Kleppi, Kópavogi, Landakoti, Snorrabraut, Skaftahlíð og Tunguhálsi.

Boðið er upp á morgunverð, hádegis- og kvöldverð. Hægt er að borða í borðsal á staðnum eða kaupa einnota eða fjölnota bakka og taka með sér matinn.

Máltíðir, salatbar og súpa er niðurgreitt og upplýsingar um verð og matseðil vikunnar er að finna á [innri vef](#) Landspítala.

VEIKINDI

Ef starfsmaður er frá vinnu vegna veikinda, slyss eða veikinda barna ber honum að tilkynna það símleiðis (ekki með sms) svo fljótt sem auðið er til næsta stjórnanda eða þess sem stjórnandi hefur sérstaklega tilnefnt til að taka við slíkum tilkynningum.

TÖLVUR OG TÖLVUKERFI

Ef upp koma vandamál varðandi tölvur og tölvukerfi má hafa samband við heilbrigðis- og upplýsingatæknisvið spítalans (HUT) með því að senda tölvupóst á 1550@landspitali.is eða hringja í síma 1550.

SKUTLAN

Akstur er í boði á milli Hringbrautar og Fossvogs alla virka daga á dagvinnutíma á 20 mínútna fresti. Sé þess óskað kemur skutlan við í Skaftahlíð. Til að fá skutluna frá Skaftahlíð þarf að panta hana samdægurs á skutlan.landspitali.is. Mælt er með því að nota [skutluna](#) ef starfsmenn þurfa að fara á milli þessara starfsstöðva þar sem oft er erfitt að finna bílastæði.

SAMSKIPTI

SAMSKIPTASÁTTMÁLI

Sáttmálinn er unninn upp úr nærri 900 atvikum um samskipti sem starfsfólk spítalans, tæplega 700, skiluðu inn á fimmtíu þróunarfundum vorið 2018.

Þessi atvik tiltóku það sem vel er gert og það sem betur má fara í samskiptum á spítalanum. Tilgangur samskiptasáttmálans er annars vegar að auka öryggi sjúklinga og hins vegar að bæta líðan starfsfólks. Þetta gerum við með skýrum, skilvirkum, hlýjum og jákvæðum samskiptum.

Sáttmálinn nær til allra sem starfa á spítalanum óháð stöðu og starfsstétt. Hægt er að kynna hann sér frekar [hér](#).



PAGNARSKYLDA


Á Landspítala gildir þagnarskylda fyrir alla starfsmenn. Allir starfsmenn þurfa að skrifa undir [þagnarskyldusamning](#).

Sú regla gildir við meðferð heilsufarsupplýsinga á Landspítala að starfsmaður skal einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúklinga á Landspítala sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum.

Ef starfsmenn opna sjúkraskrár án þess að eiga þangað lögmætt erindi, getur slíkt leitt til áminningar eða brottrekstrar. Einnig ber að hafa í huga að allar myndbirtingar (snapchat, facebook, instagram o.s.frv.) mega alls ekki innihalda upplýsingar um sjúklinga eða aðstandendur.

WORKPLACE

Landspítali er með samning við facebook@work, eða workplace eins og það kallast líka. Forritið virkar eins og facebook sem flestir þekkja og hvetur Landspítali starfsfólk sitt til að virkja aðgang sinn og fylgjast með upplýsingum er varða starfsemi Landspítala. Skráðu þig inn [hér](#) með landspítalanetfanginu þínu.



HEILSA OG ÖRYGGI

HEILSUFARSSKOÐUN STARFSMANNA

Öllum fastráðnum starfsmönnum stendur til boða heilsufarsskoðun og ráðgjöf á tveggja ára fresti.

Í viðtali er farið yfir almennt heilsufar, heilsufarsmælingar (hæð, þyngd, BMI, blóðþrýstingur, blóðsykur og kólesteról), bólusetningar og metin þörf fyrir berklapróf. Nánari upplýsingar eru í [gæðahandbók](#) Landspítala.

SAMGÖNGUSAMNINGUR

Starfsmenn hafa val um að skrifa undir [samgöngusamning](#) við sinn stjórnanda, þar sem þeir skuldbinda sig til að ferðast til og frá vinnu með vist- og heilsuvænum hætti að jafnaði í 40% eða 80% tilvika.

Styrkurinn er skattfrjálss og fjárhæð fer eftir starfshlutfalli. Hægt er að kynna sér samgöngusamninginn nánar á innri vef Landspítala.

LÍKAMSRÆKT

Landspítali býður upp á [heilsurækt](#) fyrir starfsfólk Landspítala án endurgjalds yfir vetrartímann. Í boði eru leikfímistímar í sal sjúkráþjálfunar í Fossvogi og á Landakoti. Einnig er Kundalini jóga á Hringbraut og á Fossvogi. Gott er að mæta í þægilegum klæðnaði með vatnsbrúsa. Dýnur eru á svæðinu en frjálst að koma með eigin dýnu. Allir eru velkomnir.

SLYSA OG ATVIKASKRÁNING

Á Landspítala er rafrænt [skráningakerfi](#) sem heldur utan um öll atvik, óhöpp, slys og eignatjón er varða starfsmenn, gesti og aðra. Slík skráning er mikilvæg við úrvinnslu mála m.a. vegna réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni og til að geta markvisst unnið að úrbótum og forvörnum til framtíðar. Einnig er [skráningakerfi](#) er varðar atvik sjúklinga.


STEFNUR LANDSPÍTALA

STEFNA LANDSPÍTALA

Markmið Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn, öryggi hans og gæði þjónustu eru ávallt í öndvegi. Landspítali hefur það þrjúþætta hlutverk að veita heilbrigðisþjónustu, skapa nýja þekkingu með rannsóknum og kenna og þjálfra fólk til starfa.

1. Landspítali er þjóðarsjúkrahús og eina háskólasjúkrahús landsins.
2. Landspítali veitir bæði almenna og sérhæfða sjúkrahúsþjónustu.
3. Landspítali er vettvangur starfsnáms og sérmenntunar í heilbrigðisgreinum og rannsókna í heilbrigðisvísindum.

STEFNA
LANDSPÍTALA



MANNAUÐSSTEFNA

Mannauðsstefnan byggir á gildum Landspítala, umhyggju, fagmennsku, öryggi og framfarir. Markmið hennar er að kunnáttu, færni og frumkvæði starfsmanna nýtist sem best í starfi.

VIÐVERUSTEFNA

Viðverustefna Landspítala er sett með mannauðsstefnu og gildi Landspítala að leiðarljósi. Markmið og tilgangur er að samræma vinnuferla vegna veikindafjarveru starfsmanna, viðhafa skipulögð viðbrögð við fjarveru og auka þannig öryggi sjúklinga og starfsmanna.

UMHVERFISSTEFNA

Áhersla er lögð á þá þætti starfseminnar sem hafa mest áhrif á umhverfið og fela í sér bestu tækifærin til að bæta umhverfi, efnahag og heilsu. Landspítali hefur þróað **umhverfisstefnu** og markvisst er unnið að því að gera Landspítala umhverfisvænni. Dregið hefur verið úr umbúðanotkun, efnanotkun minnkuð, sorp er flokkað og ýtt undir vistvænar samgöngur starfsmanna. Nánari upplýsingar um starfsáætlun Landspítala í umhverfismálum má finna [hér](#).

STARFSÁÆTLUN LANDSPÍTALA 2019

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Öryggis- og umbótáþjálfun starfsfólks
- Fyrirbyggja helstu flokka atvika; sýkingar, byltur, lyfjaatvik og þrýstingssár

ÞJÓNUSTA

- Bæta aðgengi að þjónustu og stytta biðtíma
- Efla dag- og göngudeildir
- Efling hjúkrunar
- Auka þátttöku sjúklinga í eigin meðferð

MANNAUÐUR

- Bæta mönnum og vinnuskipulag
- Bæta aðbúnað starfsfólks
- Efla teymisvinnu og framfylgja samskiptasáttmála

STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Þróa og innleiða heildstæða ferla, frá upphafi til enda
- Styrkja alla stoðþjónustu í þágu sjúklinga og starfsfólks
- Styrkja umgjörð og skipulag vísindastarfs



ÁRANGURSVÍSAR

Staðan
2018

Markmið
2019

ÖRYGGISMENNING

- | | | |
|--|------|------|
| Hlutfall starfsfólks sem hefur fengið öryggisþjálfun | 14% | 40% |
| Fjöldi alvarlegra atvika | 16 | 0 |
| Spítalasýkingar | 6,0% | 5,8% |



ÞJÓNUSTA

- | | | |
|---|-----|-----|
| Hlutfall sjúklinga sem beðið hafa meira en 3 mánuði eftir meðferð | 43% | 40% |
| Meðallegutími, dagar | 7,6 | 7,0 |
| Ánægja sjúklinga með þjónustu spítalans (á kvarða 1-10) | 8,3 | 8,5 |



MANNAUÐUR

- | | | |
|---|-----|-----|
| Starfsánægja (á skala 1-5) | 4,0 | 4,2 |
| Ánægja starfsfólks með aðbúnað (á kvarða 1-5) | - | 3,7 |
| Ánægja starfsfólks með samskipti (á kvarða 1-5) | - | 4,0 |
| Hlutfall starfsmanna í 80% starfi eða meira | 71% | 74% |



STÖÐUGAR UMBÆTUR

- | | | |
|--|-----|-----|
| Ánægja starfsfólks með stoðþjónustu (á kvarða 1-5) | - | 3,7 |
| Fjöldi birtra greina í ritryndum tímaritum | 223 | 230 |

NÁM OG STARFSÞRÓUN Á LANDSPÍTALA

Fjöldi námskeiða eru í boði fyrir allt starfsfólk Landspítala. Starfsmenn bera sjálfir ábyrgð á sinni starfsþróun í samræmi við þarfir skjólstæðinga spítalans og fléttast inn í framtíðarverkefni sem miða að framþróun. Hægt er að kynna sér námsframboð á innri vef Landspítala undir [námskrá](#).

STRAUMLÍNUSTJÓRNUN - LEAN

Straumlínustjórnun eða **LEAN** snýr að því að skoða og setja þarfir sjúklingsins í öndveg þ.e. auka virði og draga úr soun, bæta flæði og jafna álag. Lean snýst einnig um breytta menningu með aukinni þátttöku starfsmanna í umbótastarfi, að stjórnendur séu sýnilegri og veiti endurgjöf, meiri teymisvinnu o.fl.

Markmiðið er að allir starfsmenn tileinki sér umbótarhugsun og hjálpi þannig til við að tryggja virði og gæði þjónustu spítalans. Boðið er upp námskeið fyrir alla starfsmenn Landspítala, Lean 01 og Lean 02. Skráning fer fram í námskrá á heimasíðu Landspítala

STARFSMANNASAMTAL

Samkvæmt mannauðsstefnu Landspítala skulu allir starfsmenn fara einu sinni á ári í [starfsmannasamtal](#). Með því er m.a. ætlað að hvetja starfsfólk til þátttöku við að móta eigið starf og til starfsþróunar. Framkvæmd samtalsins er á ábyrgð stjórnenda en virk þátttaka starfsmanna er ekki síður mikilvæg. Til þess að starfsmannasamtalið nái tilgangi sínum er nauðsynlegt að undirbúa það vel.

STARFSMANNAFÉLAG LANDSPÍTALA

[Starfsmannafélag Landspítala](#) stendur fyrir hagsmuna- og félagsstarfi. Félagið þjónar öllum félagsmönnum og stendur fyrir ýmsum viðburðum og skemmtunum fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Félagsgjald er 600kr á mánuði og njóta félagsmenn sérkjara á leigu orlofsbústaða, ýmissa tilboða, afslátta og fleira. Skráning í starfsmanna-félagið er að finna á innri vef spítalans. Nánari upplýsinga er að finna á innri vefnum eða hægt er að hafa samband við mönnunarteymi á monnunarteymi@landspitali.is eða í síma 543 1330.

TILBOÐ TIL STARFSMANNA

Starfsmenn Landspítala sem eru meðlimir í starfsmannafélagi Landspítala geta nýtt sér fjölmörg tilboð við hin ýmsu fyrirtæki. Hægt er að sjá lista yfir tilboðin á workplace síðunni [tilboð til starfsmanna](#) og á [innri vef Landspítala](#).

LÍKAMSRÆKTARSAMNINGUR STARFSMANNAFÉLAGS LANDSPÍTALA

Fyrir starfsmenn Landspítala sem eru meðlimir í starfsmannafélagi Landspítala er í boði [líkamsræktarsamningur](#) við nokkrar líkamsræktarstöðvar. Samningurinn er mikil kjarabót og hvetjum við starfsfólk til að nýta sér hann. Samningurinn við líkamsræktarstöðvarnar er endurnýjaður reglulega og er hægt að sjá nýjusta samninginn inni á innri vef Landspítala.

Það er góð tilfinning að fara heim úr vinnunni og finna að maður hefur áorkað einhverju sem skiptir máli.

- Anna Sigrún Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi

Störf á Landspítala eru fjölbreytt og krefjandi og veita tækifæri til starfsþróunar.

- Bergþór Haukdal Jónsson viðskiptafræðingur

Það er ómetanlegt að starfa með öllu því frábæra starfsfólki sem hér vinnur. Mannauðurinn er málið!

- Erna Sigmundsdóttir læknir